

FORSÆTISNEFND 5. janúar 2023: Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um meðferð fyrirspurna - MSS23040017

Borgarstjórn samþykkir að svohljóðandi málsgrein bætist við 27. grein samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

„Við það skal miðað að fyrirspurn sé svarað eigi síðar en fjórum vikum eftir að hún er lögð fram og bókuð í fundargerð. Takist ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests, skal gera skriflega grein fyrir því, svo og hver ástæðan er og hvenær vænta megi svars.“

Breytingartillaga:

Forsætisnefnd samþykkir að svohljóðandi málsgrein bætist við 2. gr. verklagsreglna um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar:

„Svara skal fyrirspurn innan 30 virkra daga frá því að henni hefur verið vísað til umsagnar. Takist ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests skal gera viðkomandi ráði skriflega grein fyrir ástæðunni og hvenær megi vænta svara.“

Greinargerð:

Forsætisnefnd hefur unnið að gerð verklagsreglna um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar sem er ætlað að búa til umgjörð um meðferð og málshraða slíkra mála. Verklagsreglurnar eru tilbúnar til afgreiðslu og er gert ráð fyrir sambærilegum ákvæðum um tímafrest í þeim.